

**RE: Beiðni um gögn**

Sí Guðmundur Sigbergsson &lt;gudmundur.sigbergsson@sedlabanki.is&gt;

Fös 18.8.2017 14:15

Til: Arna Bryndís Baldvins McClure &lt;arna@samherji.is&gt;

Afrit: Sí Sigríður Logadóttir &lt;sigridur.logadottir@sedlabanki.is&gt;;

Sí Rannveig Júníusdóttir &lt;rannveig.juniusdottir@sedlabanki.is&gt;

Sæl Arna

Í tölvupósti þínum er m.a. vísað til mistaka í útreikningi. Í því sambandi er óumdeilt að sú aðferðarfræði sem notast var við í upphafi varðandi greiningu samanburðarverðs á heilum ferskum karfa yfir þriggja mánaða tímabil hafi ekki sýnt nægjanlega samanburðahæfa útreikninga til að undirbyggja kæru. Ljóst er þó að húsleitarbeiðni byggði einnig á fleiri gögnum. Hinn 16. og 17. apríl 2012 afhenti Seðlabankinn lögmanni Samherja hf. afrit gagna sem lögð voru fram í héraðsdómi hinn 24. mars 2012 til stuðnings kröfu um heimild til húsleitar. Líkt og kunnugt er var önnur aðferð notuð við gerð rannsóknarskýrslu sem lögð var fyrir Hæstarétt í málum nr. 356/2012 og nr. 357/2012 og þeirra rannsóknarskýrslna sem lágu til grundvallar kæru til sérstaks saksóknara.

Varðandi fyrirspurn um skilaskyldu er vísað til skýrslu Guðjóns Viðars Valdimarssonar starfsmanns Seðlabankans, dags. 8. nóvember 2011, sem þegar hefur verið afhent Samherja hf. Rétt er að skýrslu Guðjóns er ekki getið í fylgiskjöllum með húsleitarbeiðninni en niðurstöður hennar voru engu að síður meðal framlagðra gagna og meðal þeirra rannsóknargagna sem byggt var á í greinargerð Seðlabankans. Í úrskurðum héraðsdóms Reykjavíkur frá 24. mars 2012 og 27. mars 2012 kemur jafnframt eftirfarandi fram: „rannsóknargögn málsins liggja frammi“. Frumniðurstöður skýrslunnar sem um ræðir hafa verið afhendar Samherja hf. Skýrslan sjálf hefur jafnframt verið afhent Samherja hf., m.a. með afriti af kæru bankans til embættis sérstaks saksóknara dags. 10. apríl 2013 ásamt fylgiskjöllum og afriti af endursendingu málsins hinn 13. janúar 2014, sjá fylgiskjal 1 með formála og fylgiskjal 38 með skilaskylduskýrslu Samherja hf.

Varðandi skýrslu um fiskverð er um að ræða sömu skýrslu og hefur verið afhent Samherja hf. og ber heitið „Greining á verðlagningu Samherja hf. í útflutningsviðskiptum með karfa á tímabilinu 1. apríl 2009 til 31. desember 2011“. Skýrslan var unnin af starfsfólki gjaldeyriseftirlits í maí 2012 og á meðal þess var doktor í aðgerðagreiningu sem starfaði samhliða við erlendan háskóla. Í skýrslunni er ítarlega gerð grein fyrir þeirri greiningaraðferð sem viðhöfð var, forsendum útreikninga ásamt fylgiskjöllum.

Samkvæmt framangreindu verður ekki annað séð en Samherji hf. hafi nú þegar fengið umbeðnar skýrslur og vonandi skýrir framangreint þann misskilning sem virðist hafa vaknað. Seðlabankinn mun afhenda gögnin að nýju, sé þess óskað.

Beiðni þín um afrit útreikninga er til skoðunar innan bankans og mun svar berast við fyrsta tækifæri.

Mbk. Guðmundur

**Guðmundur Sigbergsson**

Gjaldeyriseftirlit / Capital Controls Surveillance Unit

Sími / Tel. +354 569 9000

Netfang / e-mail [gudmundur.sigbergsson@sedlabanki.is](mailto:gudmundur.sigbergsson@sedlabanki.is)

---

**From:** Arna Bryndís Baldvins McClure [mailto:arna@samherji.is]**Sent:** fimmtudagur, 10. ágúst 2017 17:08**To:** Sí Sigríður Logadóttir <sigridur.logadottir@sedlabanki.is>**Cc:** thorunn@lex.is; Sí Sigrún María Einarsdóttir <sigrun.m.einarsdottir@sedlabanki.is>**Subject:** Beiðni um gögn

Komdu sæl Sigríður,

Fyrr í dag ræddust Þorsteinn Már og Már Guðmundsson saman í síma. Meðal umræðuefna var að Seðlabankinn hefur aldrei farið í það hvernig bankinn fann tölurnar til að fá húsleitarheimild og hafi að sama skapi aldrei varið þær.

Í fyrra samtali þeirra þann 14. september 2015 kom fram að einhver lögfræðingur í gjaldeyriseftirlitinu hafi gert mistök í útreikningum fyrir húsleitinni. **Óskað er afrits útreikninganna sjálfra**, en Seðlabankinn hefur aldrei afhent þá.

Í skýrslu Seðlabankans um skilaskyldu Samherja sem fylgdi kærum til sérstaks saksóknara kemur fram að sérstök skýrsla um skilaskyldu hafi verið lögð fram í héraðsdómi Reykjavíkur þann 24. mars 2012 þegar Seðlabankanum var veitt heimild til húsleitar og haldlagningar á starfsstöðvum Samherja og tengdra félaga. Skýrslan er hins vegar ekki meðal upptalinnna gagna í beiðnum Seðlabankans né er hún fylgiskjal 40 líkt og kemur fram í skýrslunni til sérstaks saksóknara. **Óskað er eftir afrits hennar, sem og þeirra útreikninga sem hún byggir á.**

Í símtali þeirra í morgun vísaði Már til þess að doktor í aðgerðargreiningu hefði unnið skýrslu um fiskverð Samherja og að á henni hefði verið byggt í kæru til sérstaks saksóknara. Við höfum enga slíka skýrslu undir höndum heldur eingöngu skýrslu sem unnin var af gjaldeyriseftirlitinu í maí 2012. **Óskað er eftir afrits af skýrslu doktorsins, útreikningum sem lágu til grundvallar henni sem og útreikningum sem lágu til grundvallar skýrslu gjaldeyriseftirlitsins.**

Í ljósi fullyrðinga seðlabankastjóra um að ef það hefði komið önnur niðurstaða í skýrslu doktorsins þá hefði Seðlabankinn aldrei farið áfram með málið, er afar brýnt að Samherji fái afrit af skýrslunni sjálfri og útreikningunum sem hún byggði á.

Til að fyrirbyggja misskilning er rétt að geta að við höfum vitaskuld hrágögnin, þ.e. tollaskýrslurnar, en vantar útreikningana sjálfa, í öllum tilvikum.

Þætti mér vænt um ef þú gætir hlutast til um að okkur yrðu send umbeðin gögn sem fyrst.

Kveðja | Best regards,

Arna McClure | General Counsel | Samherji hf.